

Eco-Garden ehf.  
Stangarhyl 5  
110 Reykjavík

Akureyri, 9. mars 2023  
UST202203-219/H.Ö.J.  
07.07.02

### **Söluskrár 2021 fyrir notendaleyfisskyldar vörur – Málslok**

Vísað er til bréfs dags. 16. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið seldi engar notendaleyfisskyldar vörur á árinu 2021. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,  
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason  
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla